

Atli Harðarson

Tækni og heimspekileg menntun

Erindi flutt á aðalfundi Félags heimspekikennara í Hannesarholti 16. nóvember 2017

Þegar rætt er um menntun og tækni kemur margt upp í hugann. Tæknin opnar sífellt nýja möguleika. Kρίrtartaflan er afurð tækniþróunar. Það er ljósaperan líka og fátt hefur breytt jafnmiklu fyrir menntun og skóla eins og raflýsing sem gaf fólki kost á að lesa í vetrarmyrkrinu. Hljóðupptökur, útvarp, kvikmyndir og sjónvarp hafa opnað okkur heila heima. Fjölritun, tölvur og lesbretti gera upplýsingar aðgengilegar. Netið gerir okkur kleift að tala við fólk í öllum álfum heims. Tæknin auðveldar nám. En hún auðveldar okkur reyndar líka að vera heimsk og fákunnandi. Einu sinni varð fólk að kunna sjálfst að breyta ull í fat og mjólk í mat. Nú er hægt að vera þokkalega til fara og éta fylli sína, og vel það, án þess að kunna nokkurn skapaðan hlut.

En það sem ég ætla að tala um er ekki hvernig tæknin auðveldar ýmsa lærdómsríka iðju, heldur hvernig tiltekin gerð af tækni breytir félagslegum veruleika og hvað það þýðir fyrir heimspekilega menntun. Þessi tiltekna gerð af tækni er skýrslu- og upplýsingatækni: Tæknin sem gerir háþróaða skriffinnsku mögulega.

Skráning og einföldun veruleikans

Í bók sem kom út árið 1998 og heitir *Seeing like a state* fjallar bandaríski mannfræðingurinn James C. Scott um samfélagsbreytingar sem urðu sem hliðarverkanir af skráningu á búsetu fólks, eignum og tekjum. Hann rökstyður að skráning feli jafnan í sér einföldun á veruleika sem fyrir er. Sem dæmi má nefna að um leið og land er skráð sem eign einstaklings, þá er réttur hans á að nýta það iðulega gerður afdráttarlausari en áður, þegar nágranni átti kannski rétt á að nýta skóg á landinu, annar hafði þar beitarrétt, þriðji mátti veiða þar. Samfélög án skriffinnsku tengdri eignarétti og skattheimtu hafa iðulega mjög flóknar hefðir um hver má nýta hvaða gæði. Með skráningu tekur réttur, sem er klipptur og skorinn, við af flóknum venjum sem gjarna eru miklu sveigjanlegri, segir Scott. Þegar skriffinnskan festist í sessi fer einföldunin að gilda, menn hætta að taka mark á venjunum og fara að taka mark á því skráða.

Nú er félagslegur veruleiki að mestu búinn til úr huglægri afstöðu fólks. Hann er oftast til í krafti þess að menn taka mark á einhvers konar yfirlýsingum. Þetta á ekki aðeins við um eignarétt, heldur líka pólitísk völd, landamæri og alls konar fyrirbæri eins og til dæmis gjaldmiðla og prófskírteini. Plata úr silfri með mynd af kónginum er gjaldmiðill, ef menn taka mark á yfirlýsingum um að hún sé gild til lúkningar skulda, annars ekki. Skírteini veitir atvinnuréttindi, ef menn fallast á að það geri það, annars ekki.

Vegna þess hvernig félagslegur veruleiki er til, fyrir það eitt hverju menn taka mark á, getur skráning breytt honum. Henni er kannski upphaflega ætlað að tjá hvernig hann er með hlutlausum hætti – vera bara mynd af veruleikanum. En hún verður oft og iðulega eins og járnspúr sem sléttar hann og heflar og drepur um leið öll viðkvæm blóm.

Einingar í dönsku

Þegar ég gekk í skóla voru til samræmd próf (barnapróf og landspróf) og ýmisleg skriffinnska í kringum menntakerfið. Hún var þó heldur frumstæð í samanburði við það sem við nú höfum. Ef við lítum til dæmis á framhaldsskólann, þá er hver námsáfangi, sem nemandi tekur, skráður í námsferil í miðlægum gagnagrunni, þar sem er tilgreint hvað hann teljist mikið nám (í einingum talið) og á hvaða þrepi. Ef nemandi lýkur áfanganum, þá er einnig skráð einkunn sem á að segja hvaða hæfni nemandinn hefur tileinkað sér. Sumt af þessu er fremur nýtt hér á landi, eins og skipting áfanga á þrep og miðlæg skráning hæfniviðmiða. Sumt á sér sögu sem nær lengra aftur. Þannig var þegar við stofnun fyrstu fjölbrautaskólanna, árið 1975, tekið að skrá magn náms í einingum. Þessi skráning fór fremur fljótt að hafa töluverð áhrif á hvernig almenningur hugsaði um menntun.

Á fyrsta áratug þessarar aldar var ég aðstoðarskólameistari við framhaldsskóla og sinnti mörgum erindum frá fyrrum nemendum skólans, sem þurftu að fá staðfestingu á því, að þeir hefðu lokið svo og svo miklu námi. Á þessu tímabili var fólki í vaxandi mæli beint í formlegt raunfærnimat, sem stytta leiðina sem það þurfti að fara til að ljúka starfsnámi. Í tengslum við þetta þurfti allmargt fullorðið fólk að fá upplýsingar um, hvað það hefði lokið mörgum framhaldsskólaeiningum, t.d. í ensku eða dönsku, á sínum unglingsárum. Fyrir suma skipti máli hvað einingar voru margar því tilskilinn fjöldi var forsenda fyrir brautskráningu af iðn- og starfsmenntabrautum. Allir sem ég talaði við virtust líta á það sem sjálfsagðan hlut að hægt væri að tilgreina, með tölum, magn dönskunáms fyrir tuttugu árum síðan, hvort það hefði til dæmis verið tvær eða fjórar einingar. Hins vegar var allt kerfið sett þannig upp, að það gat ekki skipt nokkru einasta máli, hvort þeir sem báðu um þessi plögg gætu lesið eða talað dönsku. Það var skráningin sem gildi, en ekki veruleikinn sem skráningin átti upphaflega að vera til vitnis um.

Nú liggur svo sem í augum uppi að gögnin, sem eru skráð í námsferla, eru gríðarlega mikil einföldun á menntun og þroska lifandi manns. Raunar slík einföldun að mér liggur við að segja að námsferlar í rafrænum gagnasöfnum séu að mestu leyti tóm lygi. Þar hefur magn náms á framhaldsskóla- og háskólastigi verið mælt í einingum síðan á áttunda áratug síðustu aldar, eins og hægt væri að tala um menntun sem mælanlegt magn af einhverju. En það er auðvitað ekki hægt í neinni alvöru. Sá sem ætlast til að fá svar við því hvort sé meiri menntun að kunna að temja hest eða að kunna að tala erlent mál hlýtur að vera ruglaður – að minnsta kosti jafnruglaður og maður sem heldur, að fyrst vegurinn til Hólmavíkur er langur vegur og *Sjálfstætt fólk* er löng saga, þá sé hægt sé að fá svar við því hvort af þessu tvennu hafi meiri lengd. Það má segja svipaða sögu af nýrri skýrslutækni í menntakerfinu. Hæfniviðmið og hæfniprep eru t.a.m. of miklar sérteknningar og einfaldanir til tjá nema brot af því sem máli skiptir um lærdóm og nám. Þegar menn sækja um formleg starfsréttindi, eða vegtyllur í krafti menntunar, eru það samt námsferlarnir sem gilda. Það sem veiðist í þessi gisnu net er talið með og hitt ekki.

Eitt af því sem fylgir þessu er að hæfni sem er mælanleg og auðskilgreind gildir, fremur en það sem er annað hvort illprófanlegt eða erfitt að lýsa. Nær öll skýrslutæknin er hugsuð út frá mælanlegum stærðum, prófanlegri hæfni, uppteljanlegum eiginleikum. Hún er í vaxandi mæli notuð til að slá máli á „afköst“ skóla og „menntunarstig“ þjóða. Gögn um slík efni hafa á undanförunum

árum gerbreytt menntakerfum víða um heim, þar sem yfirvöld hafa t.d. brugðist við niðurstöðum samræmdra prófa, á borð við Pisa, með því að slétta yfir skólakerfin með járnþráum upplýsingatækninnar. Finnskur maður, sem heitir Pasi Sahlberg, hefur fjallað um þetta af miklum lærdómi og Félag grunnskólakennara hefur nýlega gefið út bók eftir hann sem heitir *Finnska leiðin* og er stórmerkileg.

En hvað kemur þetta heimspeki við?

Af ást til heimsins

Ég held að heimspekileg menntun sé ekki eitt heldur margt. Sumt af henni felur í sér hæfni til að gagnrýna, sjá gegnum blekkingar og meta rök, sumt af henni er gáfa til að sjá líkingar og sambönd milli hugmynda og kenninga. Sumpart er heimspekileg menntun líka vit til að túlka og þýða hugsun af einu umræðusviði á annað. En þrátt fyrir þennan margbreytileika heimspekinnar, held ég að kjarni hennar sé enn sá sami og á tímum Sókratesar, Platons og Aristótelesar.

Sókrates var vinur viskunnar, „filosofos“ (φιλόσοφος). Hann var heimspekingur í krafti ástar sinnar á visku fremur en vegna þess að hann hefði náð einhverjum hæfniviðmiðum. Aristóteles sagði að uppruni heimspekinnar væri undrunin. Á máli hans var þetta tjáð með því að nota nafnorðið „þavma“ (θαύμα), sem getur þýtt undrun eða undur, og sögnina „þavmazo“ (θαυμάζω), sem getur merkt að undrast. En þessi orð, sem Aristóteles notaði, merkja ekki bara undrun heldur líka aðdáun, að þykja eitthvað undursamlegt.

Samkvæmt þeim fornu spekingum, sem komu vestrænni heimspeki á legg, furðar heimspekingur sig ekki aðeins á leyndardómum tilverunnar heldur hefur á þeim ást og aðdáun.

Ég veit ekki hvað gildir um aðra sem fást við heimspeki, en ég get sagt fyrir sjálfan mig, að ég dróst að henni vegna þess að mér þóttu, og þykja enn, leyndardómar tilverunnar heillandi. Ég var lítt af barns aldri þegar ég tók að undrast að líkami gæti haft meðvitund og ég hef síðan reynt að leita skilnings á sambandi líkama og sálar. Þessi leit hefur farið víða. Þegar ég frétti fyrst af gervigreind varð ég að læra tölvufræði og forritun og ég varð líka að læra um þróun lífsins á jörðinni til að nálgast þennan leyndardóm frá líffræðilegri hlið. Nú finnst mér að ég ætti að skoða betur rannsóknir á hegðun og samskiptum dýra til að átta mig á hvað af því sem við köllum hugsun og vit er sérstakt fyrir manninn.

Mér fannst líka, strax á unglingsárum, undarlegt að maðurinn skyldi hafa kynni af því óendanlega, eins og rauntölunum. Hvernig getum við haft í huga okkar talnalínu, þar sem á hverju bili, hversu stutt sem það er, leynast óendanlega margar tölur og það er ekki einu sinni hægt að byrja að telja þær upp í röð, hvað þá að klára það? Það varð ekki undan því vikist að lesa stærðfræði.

Þannig hefur allt líf mitt verið – leyndardómarnir um mannshugann og óendanleikann hafa verið nógu heillandi til að mig langaði sífellt að læra. Er ég einhverju nær? Veit ég hvernig er háttað sambandi líkama og sálar og hver maðurinn er að hann fái tölum talið og hverjar tölurnar eru að þær séu mönnum kunnar? Auðvitað ekki. Ég er engu nær. En meðan ástin á leyndardómum tilverunnar lifir nenni ég sífellt að læra alls konar fræði.

Ef heimspekileg menntun er eitthvað í dúr við það sem ég held að hún sé, þá er hún aðallega einhvers konar ástarsamband við tilveruna. Kennsla í heimspeki ber þá árangur ef tekst að tendra undrun og aðdáun og gera nemendur að vinum viskunnar.

Hvað kemur þetta svo tækninni við?

Málið er eiginlega að þetta kemur þeirri skýrslutækni, sem ég held að sé að umturna hugmyndum fólks um menntun, ekkert við – ekki hið minnsta. Það er ekki hægt að skilgreina hæfniviðmið í undrun og aðdáun, hún er ekki á neinu sérstöku þrepi og það er einfaldlega bara kjánalegt að tala um að hún sé svo og svo margar einingar. Í öllum þeim miklu kerfum sem skrá námsferla einstaklinga, reikna „afköst“ menntakerfa og „menntunarstig“ þjóða, er ekki, og verður ekki í fyrirsjáanlegri framtíð, stafur um heimspekilega menntun í þessum skilningi.

Ég hef verið svolítið hugsi yfir þessu og ég vona að áhyggjur mínar séu ástæðulausar. En, það sem ég hef áhyggjur af, er að tilraunir til að skrá og henda reiður á menntun fólks einfaldi hana þannig að það sem raunverulega drífur okkur áfram, og fær okkur til að vilja læra, hætti að teljast með – lendi utangarðs og fáir leggi rækt við það. Járnsópur tækninnar er vís til að drepa allt sem getur vaxið af sjálfu sér – sérstaklega það sem er viðkvæmt og fallett.

Ef það hættir að teljast menntun að þykja tilveran undursamleg, þá er ansi hætt við að eftir sitji gleðisnautt nám þar sem menn pína sig áfram. Svoleiðis nám held ég að skili sjaldan nema lágmarksárangri.